

Hrunamannahreppur
Skipulagsfulltrúi
Akurgerði 6, 845 Flúðum

Garðabær, 10. júlí 2025
202506-0145/F.G.J.
08.01

Efni: Ósk um umsögn - Aðalskipulagsbreyting - Tillaga - Hrafnabjörg L194595 - Breyttir landnotkunarflokkar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 26. júní síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags í landi Hrafnabjarga.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin snúist um að lagfæra reiti F20 og SL8 þar sem þeir stangast á við gildandi skógræktaráætlun frá árinu 2016. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í Klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði.

Votlendi

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar (þá Umhverfisstofnunar)¹ á fyrri stigum málsins var áhersla lögð á að fjallað yrði um votlendið á jaðri skipulagssvæðisins í tillögunni og fram kæmi hvaða leiðir yrðu farnar til þess að forðast rask þess og hvaða valkostir yrðu skoðaðir, enda nýtur votlendi sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og ekki ber að raska því nema brýna nauðsyn beri til og aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í núverandi tillögu kemur fram að horfið hafi verið frá þeim fyrirætlunum að setja lóðir á syðsta hluta svæðisins þar sem votlendi finnst, sem stofnunin telur jákvætt.

Vistgerðir og fuglalíf

Í fyrri umsögn stofnunarinnar kom einnig fram að á svæðinu finnist vistgerðirnar starungsmýravist (mjög hátt verndargildi) og língresis- og vingulsvist (hátt verndargildi) sem séu á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þessar vistgerðir nýta mófuglar sér iðulega sem búsvæði, en margar mófuglategundir Íslands eiga undir högg að sækja skv. nýjustu rannsóknunum

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/bd9bf19e-e439-4d88-9eb7-f7e990c6d824>

frá Suðurlandi² og nýbirtum fuglaválista Náttúrufræðistofnunar³. Í núverandi tillögu er þessu svarað á þann veg að gert verði ráð fyrir góðu rými á milli húsa svo vistgerðir eigi ekki að breytast mikið og skipulagsbreytingin snúist um að sýna skógræktarsvæði í réttri mynd og að frístundasvæði sé fært inn á hrjóstrugri svæði.

Stofnunin tekur undir að það sé jákvætt að færa fyrirhugaða byggð á gróðurminni svæði en vill þó undirstrika mikilvægi þess að svæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis (Suðurlandsundirlendis VOT-S⁴) og innihaldi vistgerðir sem ábyrgðategundir Íslands nýta sér. Þessar tegundir verða fyrir neikvæðum áhrifum af landnotkun og mannlegum umsvifum⁵, þar á meðal bæði af frístundabyggð⁶ og skógrækt⁷ og mikilvægt er að fram komi í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á fuglana. Undir kafla um umhverfismat eru áhrif á fugla metin óveruleg þar sem stór svæði munu áfram þjóna fuglum. Rétt er að benda á að búsvæðaskerðing er ávallt búsvæðaskerðing sem eykur samkeppni innan og á milli tegunda.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
verkefnisstjóri

²

<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/00063657.2025.2450394?scroll=top&needAccess=true#abstract>

³ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

⁴ <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

⁵ <https://moi.hi.is/is>

⁶ <https://zslpublications.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/acv.12938>

⁷ <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/1365-2664.14238>